

Samlegð veitu- og ljósleiðaraframkvæmda í dreifbýli

Kortlagning, kostnaðarmat og samlegð á landsvísu

Fagfundur veitna Samorku
29. maí 2015

Ottó V. Winther, innanríkisráðuneytinu

Mikilvægt að muna

- Almennt er ástand fjarskipta á Íslandi gott – en viðkvæmt
- 4G kerfið mun breyta miklu – en er í hæðgangi
- Stjórnvöld hafa farið í nokkur stærri átaksverkefni s.l. áratug og náð settum markmiðum.
- Talsverð fjárfesting markaðsfyrirtækja í uppbyggingu einkum farneta – bundin við markaðssvæði (eðlilega)
- Notkun á netinu mjög mikil og útbreiðsla lágmarkstenginga góð
- Samskipti, nám, afþreying, atvinnustarfsemi og stjórnsýsla færast meira og meira á netið – ein af forsendum atvinnulífs og búsetu
- Erum komin á tímamót
 - Úreltir fjarskiptinnviðir utan markaðssvæða á stórum hluta landsins
 - Aðstöðumunur gagnvart fjarskiptum mikill og eykst á þessum svæðum
 - Regluverkshvati til uppbyggingar jákvæður en dugar ekki til einn og sér
 - Opinbert fé þarf til endurnýjunar innviða utan markaðssvæða

Starfshópur innanríkisráðherra um fjarskipti

- Haraldur Benediktsson, formaður - skipaður af innanríkisráðherra
- Páll Jóhann Pálsson, varaformaður - tilnefndur af ríkisstjórn
- Guðný Sverrisdóttir - Samtök íslenskra sveitarfélaga
- Torfi Jóhannesson - atvinnvega- og nýsköpunarráðneyti
- Lárus M.K. Ólafsson - Samtök atvinnulífsins
 - Með hópnum störfuðu
 - Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri innviðaskrifstofu IRR
 - Vera Sveinbjörnsdóttir, lögfræðingur IRR
 - Ottó Winther, sérfræðingur IRR
 - Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri PFS
- Fjarskiptasjóður fjármagnar greiningarvinnu. Unnið í nánu samstarfi við Arnbjörgu Sveinsdóttir formann stjórnar.
- PFS er bakhjarl í greiningu á fjarskiptaregluverkinu
- Skilaði skýrslu 3. mars sl.

Megin tillögur starfshópsins

1. Aðgangur að háhraða fjarskiptatengingu verði grunnþjónusta sem standa skal öllum landsmönnum til boða óháð búsetu
2. Markmið (í anda alþjónustu) verði sett sem 100 Mb/s frá árinu 2020, (Breiðband) ásamt tilheyrandi gæðaviðmiðum
3. Skilgreint verði átaksverkefni „Íslands ljóstengt“ á landsvísu næstu 5 til 6 árin (2015-2020) um uppbyggingu ljósleiðaraaðgangsneta á markaðsbrestsvæðum í dreifbýli 3.900 staðir – 13.000 íbúar – 80% láglendis (99,9% útbreiðsla)
4. Fjarskiptasjóður aðstoði með sértækum aðgerðum þá sem ekki hafa aðgang að almennri netþjónustu

3 leiðir að sama markmiði

- Leið 1 - Sveitafélagaleið / núverandi ástand
 - Frumkvæði sveitarfélaga
 - Markmið nást tæplega eða aldrei
- Leið 3 - Ríkisleið
 - Ábyrgð, skipulagning, forgangsröðun sem og undirbúningur og framkvæmd útboða hjá ríkinu.
 - Ríkið fjármagnar að fullu. Framlag notenda, sveitarfélaga eða alþjónustusjóðs er ekki forsenda fyrir framkvæmd.
 - Framlag ríkisins 5 - 6,5 milljarðar
 - Markmið um 99,9% nást innan settra tímamarka í fyrsta áfanga landsátaksins.

Tillagan - Leið 2 - samstarfsleið

4 til 5 ára landsátak

- Ríkið sér um undirbúning og framkvæmd útboða í samvinnu við sveitarfélög
- Forsvarmenn áhugasamra sveitarfélaga bera ábyrgð á þáttum sem stuðla að hagkvæmni og sátt um framkvæmdina gagnvart íbúum og landeigendum
- Sveitarfélög tryggja þátttöku íbúa og 250.000 króna framlag fyrir hverja tengingu í samræmi við útbreiðslumarkmið landsátaksins
- Ríkið skuldbindur sig til að fjármagna sinn hluta af verkefninu á móti framlagi sveitarfélaga og markaðsaðila
- Heildar framlag ríkisins áætlað 3 - 4 milljarðar
- Markmið um 99,9% nást innan settra tímamarka í fyrsta áfanga landsátaksins

Ýmis álitamál


- Eignarhald á innviðum sem njóta munu opinberra styrkja
- Sérstakar öryggisþarfir opinberra aðila
- Tryggja þjónustu og rekstur
- Áhugi og fjárhagsleg aðkoma fjarskiptafyrirtækja og verktaka
- Fjármögnunarkostir sveitarfélaga sem byggja upp samkvæmt samstarfsleið eða sjálfstætt
- Fjárhagsleg aðkoma opinberra aðila, annarra en ríkissjóðs
- **Samlegðartækifæri með öðrum veituframkvæmdum?**

Samstarfsverkefni

RARIK og fjarskiptasjóðs

- Tillögur starfshóps innanríkisráðherra byggja á heildstæðri grófhönnun og kostnaðaráætlun fyrir landsdekkandi ljósleiðarakerfi í dreifbýli
- Þó að augljós tækifæri virðist felast í samnýtingu jarðvinnuþáttar veitu- og ljósleiðaraframkvæmda
- Stjórnvöld til þessa hafa hvorki haft haldbærar upplýsingar um það hvar slík tækifæri er nákvæmlega að finna né hvert fjárhagslegt hagræði kunni að vera fyrir samfélagið
- Fjarskiptasjóður, fyrir hönd innanríkisráðuneytisins og RARIK hafa kannað mögulega samlegð með samanburði á myndrænum upplýsingum um fyrirhugaða ljósleiðarauppbyggingu og rafveituframkvæmdir RARIK á landsvísu.

Dæmi af Vesturlandi



Helstu niðurstöður

- Auðvelt að leggja saman og greina samlegð veituframkvæmda í stafrænum landupplýsingakerfum
- Greining samlegðar allra fyrirhugaðra rafveituframkvæmda RARIK til 2035 og ljósleiðarakerfis á landsvísu tók fáeinar vikur
- Samlegð um 3.200 km (af 6.000 km)
 - Um 54% allra ljósleiða á svæðum RARIK
- Greining samlegðar á veitusvæði Orkubús Vestfjarða að hefjast
- Brýn þörf á sambærilegri kortlagningu annarra veituframkvæmda. Óskað er eftir samvinnu um verkefnið.
- Liggur beint við að taka málið áfram á vettvangi Samorku

Takk fyrir